

EFTIRLITSSKÝRSLA

Múlaþing Tjarnarland



Dags eftirlits	16.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Múlaþing	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Lyngási 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660220-1350	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Aspar Stefánsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit og engar ábendingar eru lagðar fram.

Opið er frávik úr eftirliti ársins 2023, rekstraraðili vann eftir samþykktri úrbótaáætlun sem taka átti út við eftirlit en töf hefur orðið á framkvæmd áætlunarinnar. Fráviki er ekki hægt að loka fyrir en staðfesting hefur borist frá rekstraraðila um að úrbótum sé lokið en þegar eftirlit fór fram var verkefnið á áætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með á urðunarstað Múlaþings við Tjarnarland í Múlaþingi í samræmi við 57. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Urðunarstaðurinn hefur heimild til móttöku á allt að 2.500 tonnum af úrgangi á ári, hámark 10 tonn á sólahring. Á urðunarstað, er rekstraraðila heimilt að taka á móti úrgangi sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni skv. rg. nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Starfsleyfi var gefið út þann 8. júlí 2015 og er gildistími þess til 8. júlí 2031.

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Önnur mál
- Skoðunarferð á urðunarstað

1. Opin voru tvö frávik þegar eftirlit fór fram. Varðaði annað þeirra umfang urðunar umfram heimildir árið 2023. Rekstraraðili vann eftir samþykktri úrbótaáætlun vegna fráviksins sem taka átti út í eftirlitinu. Úrbætur hafa gengið eftir og séð að markmið rekstraraðila um að draga úr magni urðanlegs úrgangs hefur gengið eftir og er því frávikinu lokið. Annað frávikið var skráð í eftirliti árið 2023 og laut að móttöku og geymslu dekkjarkurlis á urðunarstað. Rekstraraðili hefur unnið að úrlausn mála til að ráðstafa dekkjarkurlisins af urðunarstaðnum. Við eftirlitið lá fyrir að áætlun um brottflutning efnisins sem komin var á lokastig og að mögulegar tímasetningar lægju fyrir. Rekstraraðili var beðinn um að senda staðfestingu þess efnis þegar verkefninu lyki til að hægt sé að loka frávikinu og því er frávikið opið þar til staðfesting liggur fyrir.

2. Farið var yfir helstu ákvæði starfsleyfis.

3. Rekstraraðili skilaði inn skráningum ársyfirlits þann 30. apríl 2025 með fullnægjandi skráningum í samræmi við starfsleyfi, þ.m.t. vegna vöktunar. Rekstraraðili vannur innan magnheimilda starfsleyfis vegna móttækis úrgangs, árið 2024 voru urðuð tæplega 2.061 tonn í Tjarnarlandi. Skráningum í gagnagátt stofnunar var skilað þann 7. apríl.

4. Rekstraraðili lagði fram viðbragðsáætlun við eftirlit.

5. Niðurstaða áhættumats 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits á næsta ári skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit helst óbreytt frá fyrri stöðu.

6. Fjallað var um breytt fyrirkomulag eftirlits hjá Umhverfis- og orkustofnun og voru einnig kynntar nýjar leiðbeiningar um olfuskiljur, en erindi um hvoru tveggja fylgdi fundarboði eftirlits. Fjallað var um breytingar á fyrirkomulagi skila á Umhverfisupplýsingum, en fyrir á árinu var sent erindi þess efnis á alla starfsleyfishafa hjá

Umhverfis- og orkustofnun. Varðar breytingin rg. nr. 990/2008 um ústreymisbókhald, sbr. breytingareglugerð nr. 206/2025. Rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I og viðauka II í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu skila árlega umhverfisupplýsingum rafrænt til Umhverfis- og orkustofnunar, til viðbótar við skráningar ársyfirlits.

7. Engar athugasemdir eru lagðar fram vegna niðurstöðu vöktunar en athygli vekur að heildarförför mælist yfir viðmiðunarmörkum þar sem sýnataka hefur farið fram í Lagarfljóti, þ.e. í TJ6 (mælt gildi = 0,188) og niðurstaðan liggur alveg við umhverfismörk í TJ5 (mælt gildi = 0,14 mg/L). Umhverfismörk heildarförförs efsta flokks (IV) liggja við 0,15 mg P/l sbr. fylgiskjal í rg. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.. Ef niðurstöðurnar eru bornar saman við TJ4, þar sem sýnataka vegna yfirborðsvatns ofan við innrennsli í fráveituskurð frá urðunarstaðnum var framkvæmd, þá er heildarförför að mælast mun lægra og vel innan umhverfismarka og útilokar það uppruna frá urðunarstaðnum. Fjallað var um þetta í eftirliti.

8. Farið var inn á urðunarstað og eru engar athugasemdir lagðar fram, aðkoma og umgangur um svæðið er til fyrirmyndar.

ANNAÐ

Á urðunarstað er til staðar gamall gasmælingahólkur/brunnur sem vakti athygli en lítið er vitað um hann. Staðfest var eftir eftirlit að brunnurinn sé arfleifð af því þegar mat fór fram hvort möguleiki væri á að safna hauggasi inn á urðunarstaðnum á sínum tíma.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir